

**Ávarp
frú Elizu Reid
við opnun
sumarsýningar norðlenskra listamanna
Listasafni Akureyrar
Ketilhúsinu
10. júní 2017**

Ágætu gestir.

Það er mér sönn ánægja að vera hér og fá tækifæri til að ávarpa ykkur.

Í morgun var ég viðstödd útskriftarhátíð Háskólans á Akureyri og naut þess vel að samgleðjast fólk sem þar lauk góðum áfanga; það var eftirvænting í loftinu, stolt og gleði.

Ég nefndi við það tækifæri að það væri happ að geta stundað nám hér í þessum fallega bæ, í fögru umhverfi; en svo má líka bæta því við að hér er margt í gangi á sviði sjónlista sem styrkir öflugt mannlífið.

Þegar myndlistamaður opnar sýningu er það að sumu leyti svipað því að útskrifast úr háskóla; það er mikil vinna að baki, kannski sviti og tár, áleitnar hugmyndir, hugsjónir og vonir og svo stendur maður á tindi og tímamótum og spyr: Hvað tekur við næst? Kannski er einhverjum þannig innanbrjósts hér í dag.

Verkin sem hér eru sýnd eru öll eru eftir myndlistarmenn á Norðurlandi. Fjöldi verka var sendur inn og verk eftir tuttugu og einn listamann voru valin til sýningar; þykist ég vita að valið hafi verið vandasamt. Hér er því um samkeppni listamanna að ræða sem vonandi hvetur alla til dáða, bæði þá sem eiga verk á sýningunni og eins hina sem stefna að sama marki.

Mér skilst að stofnun safns og listaskóla hér á Akureyri um síðustu aldamót hafi bætt mjög undirstöður listastarfsemi á Norðurlandi. En það er líka mikilvægt að hér starfa mörg önnur söfn sem ásamt leikhúsi og Hofi og fleiri stofnunum skapa saman umgjörð um fjölbreytt og áhugavert mannlíf á Akureyri. Svona öflug menningarstarfsemi er mjög

vel til þess fallin að laða fólk að til búsetu og gerir hana ánægjulegri fyrir þá sem fyrir eru. Það er líka skemmtilegt að finna að heimamenn hér teygja sig til samstarfs við önnur byggðarlög og við aðrar þjóðir – allt slíkt samstarf held ég að örvi og geri listunum gott. Og þá verð ég að bæta við, nú þegar ferðaþjónusta er orðin að leiðandi atvinnugrein sums staðar á landinu, að listsýningar, tónleikar og aðrir menningarviðburðir geta verið mjög mikilvægur þáttur í ferðageiranum.

Mér var sagt að á fyrstu sýningu ársins hér í Ketilhúsinu hefðu verið verk eftir Nínu Tryggvadóttur og langar mig þá að nefna það til gamans að í fyrra léturnum við setja upp á Bessastöðum stórt og glæsilegt verk eftir Nínu sem heitir Saga. Síðan ætlum við að bæta við fleiri verkum eftir konur þannig að þau sjáist í eins miklum mæli og listaverk karlanna.

Mig langar að síðustu, um leið og ég lýsi sýninguna opna, að þakka listamönnunum, sem hér eiga verk, fyrir þeirra framlag, svo og öðrum sem að sýningunni standa – ég óska ykkur til hamingju og lýsi sýninguna opna.